

FORR1GR05

Búið til: Thu, 13 Feb 2020 15:58:43 GMT

Titill

Forritun, grunnur

Skammstöfun

FORR1GR05

Útgáfunúmer

8

Námsgrein

forritun

Viðfangsefni

Grunnur að forritun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að kenna undirstöðuatriði í forritun, helstu hugtök og meginatriði forritunar. Farið er í skilyrðissetningar, lykkjur, aðferðir, fylki og strengjavinnslu. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér snyrtilegan frágang og öguð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Undirstöðuatriðum og grunnhugtökum forritunar
- Uppbyggingu forrita
- Skilyrðissetningum og slaufum
- Texta-, strengja- og fylkjavinnslu
- Þarfagreiningu, hönnun og prófun forrita

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með grunnskipanir í forritun
- Vinna með inntak og úttak í forritun
- Hanna og forrita á læsilegan og skiljanlegan hátt
- Finna og laga villur í forritum
- Finna hjálp og upplýsingar á netinu
- Verða sjálfbjarga í að finna út hvað hægt er að nota í verkefnavinnu
- Vinna sjálfstætt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta unnið með grunnskipanir í forritun
- Geta lesið inn upplýsingar, unnið með þær og skilað þeim aftur út á skjáinn í lok úrvinnslu
- Nota slaufur og skilyrðissetningar í forritun

- Nýta þekkingu sína til áframhaldandi náms í forritun

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum

Skólar**Fyrirmynd**